

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vogabyggð, svæði 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. september 2017, breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar, svæði 2. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn neðanjarðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagata 30.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 18. október 2017, breytingu á skilmálum deiliskipulags Barónsreits vegna lóðar nr. 30 við Skúlagötu. Í breytingunni felst að byggingarmagn bílageymslu/stoðrýmis neðanjarðar eykst úr 800 m² upp í allt að 1.370 m². Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sigtún 38.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 18. október 2017, breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir lóðina nr. 38 við Sigtún. Í breytingunni felst að byggingarmagn bifreiðageymslu er leiðrétt/aukið innan byggingarreits neðanjarðar og núverandi byggingarmagn er leiðrétt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.1, Hljómalindarreitur v/Klapparstígs 28-30.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 1. nóvember 2017, breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.171.1, Hljómalindarreits. Í breytingunni felst að breytt er sérskilmálum um nýbyggingar sem snúa að torgi og götum, þ.e. heimilt er að hafa sömu starfsemi í mismunandi húsum ef það hefur jákvæð áhrif á torgið og götur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 8. nóvember 2017.

Björn Axelsson.